

Lagt fyrir fund velferðarráðs 3. apríl 2018

Svar

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: Svör við spurningum um útfærslu á aðgerðum A2-2, A3-1, í drögum að aðgerðaáætlun vegna stefnu í málefnum eldri borgara.

Á fundi velferðarráðs þann 20. febrúar lagði fulltrúi Flokks fólksins fram eftirfarandi fyrirspurn vegna aðgerðaáætlunar í velferðartækni. Þessi aðgerð er hins vegar í málefnum eldri borgara:

„A2-2. Nýliðakaffi. Hvernig á að finna nýja fólkið(eldra fólk) ? A3-1. Hvaða aðgerðum verður beitt til að finna þá sem eru félagslega einangraðir? A3-1. Námskeið fyrir fjölskylduna. Hver er hugmyndin að stunda þessa fræðslu ?“

Svar:

Í drögum að aðgerðaráætlun sem lögð var fram til kynningar á fundi velferðarráðs þann 20. febrúar 2019 er lagt til að á öllum félagsmiðstöðvum verði komið á laggirnar nýliðakaffi þar sem gestgjafar/sjálfbóðaliðar taki á móti nýju fólki og veiti jafningjastuðning. Í stefnu í málefnum eldri borgara í Reykjavík 2018-2022 er kveðið á um að sérstaklega verði hugað að því að virkja eldri borgara sem eru félagslega einangraðir og þurfa á hvatningu og stuðningi að halda.

Starfsfólk í heimaþjónustu sem fer inn á heimili eldri borgara mun markvisst skima eftir félagslegri einangrun og í kjölfarið mun virkniþjálfari heimsækja þá sem eru einangraðir og hvetja þá til að koma með sér í nýliðakaffi. Þar munu sjálfbóðaliðar taka við þeim og veita jafningjastuðning. Velferðarsvið hefur gefið út bækling þar sem m.a kemur fram hvaða þætti skal sérstaklega horfa til þegar meta eigi alvarleika einmanaleika hjá öldruðum.

Með hálfsdags námskeiðum, þar sem aðstandendum er boðið, er verið að stuðla að samveru þvert á kynslóðir þar sem eldri borgarar geta átt gæðastundir með barnabörnunum t.d. smíðanámskeið, handavinnunámskeið, jólaföndur, páskaskreytingar ofl.